

Ed.

235. Frumvarp

til laga um heimild hreppstjóra til að framkvæma lögtak og fjárnám.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hámark skuldar þeirrar, er hreppstjóri má gera lögtak fyrir samkvæmt 5. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, skal vera 1000 kr.

2. gr.

Með sömu takmörkunum sem í 1. gr. segir má hreppstjóri gera fjárnám í umboði fógeta, enda sje það eigi gert í fasteign. Þegar hreppstjóri gerir fjárnám, fer um það að öllu leyti eins og lögtak, að því leyti sem við á.